

11. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, aukafundur 21.11 2018, Végarði kl.13:30

Vegna boðaðs rafmagnsleysis í Fljótsdal hófst fundurinn ekki fyrr en kl. 14:30

Mætt: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórun Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson.
Jóhann F. Þórhallsson mætti til fundar klukkan 14:45.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019, fyrri umræða

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2020-2022 , fyrri umræða

3. Gistihús Fljótsdalshrepps

4. Fjárbeiðnir

- a) Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps
- b) Austurbrú, v. flugvallarverkefni
- c) ÚÍA , v. framlags til starfsemi 2019

5. Fundargerðir

- a) SvAust 30.08 – 14.09 – 09.10 – 23.10 – og 31.10 2018
- b) Húsfélag Miðvangi 6 19.10 2018
- c) Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29.10 og 12.11 2018
- d) Símafundur um flugvallarverkefnið 30.10 2018
- e) Samfélagsnefnd 09.11 og 15.11 2018
- f) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 19.11 2018, ásamt stofnsamningi

6. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019, fyrri umræða

Kynnt og vísað til annarar umræðu.

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2020-2022 , fyrri umræða

Kynnt og vísað til annarar umræðu.

3. Gistihús Fljótsdalshrepps

Á fundi sveitarstjórnar 30.10.2018 var varaoddvita var falið að ganga til viðræðna við hæstbjóðendur um reksturinn þau Hörð Guðmundsson og Guðbjörgu Pálsdóttir. Á fundi

sveitarstjórnar 8.11.2018 með Herði og Guðbjörgu drógu þau tilboð sitt til baka. Í framhaldinu var rætt um næstu skref. Á fundi sveitarstjórnar þann 18.11.2018 með Jósef Valgarð Þorvaldssyni og Helgu Vigfúsdóttur (sem einnig komu með tilboð í reksturinn) voru þeim kynntar hugmyndir sveitarstjórnar um leigugjald. Í framhaldinu óskuðu þau eftir umhugsunarfresti. Munnlegt svar hefur borist frá þeim til varaoddvita, þar sem þau hafna tilboði sveitarstjórnar.

Rætt um að auglýsa aftur í almennri auglýsingu. Oddvita falið að leita aðstoðar lögfræðings sveitarfélagsins um framgang málsins.

4. Fjárbeiðnir

- a) Búnaðarfélag Fljótshrepps

Sótt er um fjármagn/styrk að upphæð 400.000 kr. til kaupa á gólfþvottavél sem nota á í félagsheimilinu Végarði. Samþykkt sem fyrirframgreidd leiga til 5 ára.

- b) Austurbrú, v. Flugvallarverkefnis.

Austurbrú óskar eftir aðkomu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA að fjármagnun „Flugvallarverkefnisins“ á árinu 2019. Hlutur Fljótshrepps í meðfylgjandi kostnaðarskiptingu er 64.700 kr. Samþykkt.

- c) ÚÍA , v. framlags til starfsemi 2019. Samþykkt.

5. Fundargerðir

- a) SvAust 30.08 – 14.09 – 09.10 – 23.10 – og 31.10 2018. Kynnt.

- b) Húsfélag Miðvangi 6 19.10 2018. Kynnt.

- c) Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29.10 og 12.11 2018. Kynnt.

- d) Símafundur um flugvallarverkefnið 30.10 2018. Kynnt.

- e) Samfélagsnefnd 09.11 og 15.11 2018. Kynnt. Samþykkt að sveitarfélagið greiði kostnað af vinnusmiðju sem fyrirhuguð er í desember. Kostnaður áætlaður um 500.000 kr. Kostnaði verður mætt með lækkun eigin fjár.

- f) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 19.11 2018, ásamt stofnsamningi. Kynnt.

6. Önnur mál

- a) Bréf frá hálendisnefnd, þar sem boðað er til fundar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Fundurinn er fyrirhugaður á Egilsstöðum 9.1.2019.

- b) Rætt um skráningu örnefna á loftmyndagrunna og möguleika á að taka slíkt verkefni upp í Fljótshrepp, t.d. samstarfi við eldri borgara sem eru staðkunnugir.

- c) Oddviti sagði frá því að hún hefur frá því í haust setið námskeið á Egilsstöðum á vegum Nýsköpunarstöðvar Íslands og að hún hefði í hyggju að taka einhverja daga í desember í námsleyfi .

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.25

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)